



# Stofnun Wilhelms Beckmann

Reglur fyrir úthlutun úr sjóði WB.

## **Reglur Stofnunar Wilhelms Beckmann fyrir úthlutun styrkja til myndlistarmanna**

Skipulagsskrá Stofnunar Wilhelms Beckmann, dags. 16. ágúst 2013 er birt í B-deild stjórnartíðinda nr. 790/2013.

Í 5. gr. stofnskrárinnar er hlutverk stofnunarinnar skilgreint. Undir k-lið segir að það sé að:

„Veita ungum myndhöggvara fjárstuðning til listnáms á Íslandi eða erlendis.“

Í 4. mgr.7. gr. stofnskrárinnar kveður nánar á um fjárstuðninginn. Þar segir m.a:

„Stjórnin tekur ákvarðanir um ráðstöfun fjár til ungra myndlistarmanna samkvæmt starfsreglum sem hún setur. Í þeim skal m.a. kveðið á um að stjórn veiti styrki á grundvelli umsókna; umsóknarfresti, auglýsingar styrkja og önnur frekari skilyrði fyrir styrkveitingum sem stjórnin telur nauðsynleg.“

Á grundvelli ofangreindra ákvæða skipulagsskrárinnar hefur stjórn stofnunarinnar sett eftirfarandi reglur um úthlutun styrkja:

### 1. gr.

Styrki/starfslaun er heimilt að veita myndlistarmanni/mönnum sem starfa að höggmyndalist, tréskurðarlist og annarri mótunarlist (skúlptúr), listteikningu, listskrift, málalalist, listrænni ljósmyndun, grafíklíst, þráðlíst (textíllíst) og leirlist (keramík).

### 2. gr.

Við úthlutun skal styrkja efnilega listamenn yngri en 35 ára.

### 3. gr.

Styrkþegar fá að kynna/sýna verk sín í Gerðarsafni/Listasafni Kópavogs eða annars staðar samkvæmt ákvörðun stjórnar Stofnunar Wilhelms Beckmann. Eignar- og höfundarréttur verksins er alfarið hjá höfundi.

4. gr.

Auglýsing um styrkinn skal birt á heimasíðum Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM), og listaháskóla hérlendis og í fjölmiðlum eftir nánari ákvörðun stjórnar. Matsnefnd þriggja manna fer yfir og metur umsóknir og gerir tillögu til stjórnar Stofnunar Wilhelms Beckmann um styrkþega. Stjórn SÍM tilnefndir einn mann, Listaháskóli Íslands annan og Listasafn Kópavogs þann þriðja sem jafnframt er formaður.

5.gr.

Veittan styrk er stjórn Stofnunar Wilhelms Beckmanns heimilt að greiða í áföngum. Eðli verkefnis og framvinda þess ræður hér um.

6. gr.

Stjórn Stofnunar Wilhelms Beckmann ákveður úthlutun styrkja eigi sjaldnar en annað hvert ár, í fyrsta sinn haustið 2020. Stjórn stofnunarinnar er heimilt að verja ávöxtun eigna stofnunarinnar og hluta höfuðstóls eigna stofnunarinnar að því marki sem aðalfundur ákveður.

7. gr.

Stofnun Wilhelms Beckmann fer með fjárreiður vegna styrkveitinga stofnunarinnar. Í reikningshaldi stofnunarinnar skal gerð grein fyrir styrkveitingum og öllum kostnaði sem styrkveitingu tengjast.

8. gr.

Úthlutunarreglum þessum má breyta komi fram tillaga þar um og skal hún lögð fyrir aðalfund stofnunarinnar til afgreiðslu. Engin breyting fær gildi nema stjórnin hafi samþykkt hana.

Samþykkt af stjórn

Stofnunar Wilhelms Beckmann

Kópavogi 19. maí 2020

A red ink signature, appearing to be a stylized cursive mark, located at the bottom left of the page.